



Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Umsögn um fyrirspurn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um úthlutaðar en óbyggðar lóðir.

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals 20. janúar 2020 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn:

"Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals óskar eftir upplýsingum um fjölda úthlutaðra en óbyggðra lóða í borgarhlutanum. Þá óskar ráðið eftir upplýsingum um reglur um takmarkanir á uppbyggingartíma og undanþágum sem kunna að hafa verið veittar frá þeim reglum. Eins óskar ráðið sérstaklega eftir upplýsingum um stöðu uppbyggingar á tilteknum lóðum eftir ábendingar frá íbúum."

Samkvæmt 7. gr. reglna um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík dags. 30. maí 2014 er borgarráði heimilt að beita úrræðum vegna framkvæmdarfresta ef lóðarhafi virðir þá ekki. Þeim úrræðum hefur ekki verið beitt.

Meðfylgjandi eru listar yfir fjölda úthlutaðra en óbyggðra lóða og upplýsingar um stöðu uppbyggingar á tilteknum lóðum eftir ábendingum frá íbúum.

Oddrún Helga Oddsdóttir, lögfræðingur
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Hjálagt:

Listi yfir fjölda úthlutaðra en óbyggðra lóða í borgarhlutanum.

Listi yfir tiltekna lóðir eftir ábendingum frá íbúum.